

**Upplýsingar varðandi aðalfund Tryggingamiðstöðvarinnar hf.  
12. mars 2015 og tillögur sem lagðar verða fyrir fundinn.**

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 12. mars nk. í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík, og hefst kl. 16:00. Nú er farið með atkvæði fyrir 739.575.476æ hluti, en eitt atkvæði gildir fyrir hvern hlut.

**Tillögur og ályktanir sem verða til afgreiðslu á aðalfundinum lagðar fram af stjórn félagsins:**

**I. Vegna dagskrárliðar 2 – Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.**

Tillaga: Að fyrirbyggjandi ársreikningur fyrir árið 2014 verði samþykktur.

**II. Vegna dagskrárliðar 3 – Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.**

Tillaga:

Greiddur skal arður vegna rekstrarársins 2014 að fjárhæð fjórir milljarðar króna er deilist jafnt á útstandandi hluti. Arðleysisdagur er 13. mars 2015, arðsréttindadagur 16. mars 2015 og útborgunardagur arðs 7. apríl 2015.

**III. Vegna dagskrárliðar 4 – Tillögur um lækkun hlutfjár og heimild til kaupa á eigin hlutum.**

**Tillaga nr. 1 um lækkun hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum.**

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf., haldinn 12. mars 2015, samþykkir að lækka hlutfé félagsins um kr. 20.818.412 að nafnverði, m.a. á grundvelli VIII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutfélög, til jöfnunar eigin hluta. Hlutfé félagsins lækkar þar með úr kr. 760.393.888 að nafnverði í kr. 739.575.476 að nafnverði.

*Greinargerð stjórnar: Á aðalfundi TM þann 20. mars 2014 var samþykkt heimild til handa stjórn félagsins að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Samkvæmt heimildinni mátti félagið kaupa að hámarki 21.000.000 hluti. Á grundvelli þessarar heimildar hefur TM keypt 20.818.412 eigin hluti. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar var að lækka hlutfé félagsins og þess vegna er lögð fram tillaga um að lækka hlutféð um þá eigin hluti sem eru í eigu félagsins í dag. Mun niðurfærslan ekki hafa áhrif á hlutfé í eigu annarra hluthafa en félagsins sjálfs. Lækkunin verður framkvæmd eftir að lögboðnar forsendur fyrir lækkuninni hafa verið uppfylltar, svo sem heimild hlutfélagaskrár og Fjármálaeftirlitsins.*

**Tillaga nr. 2. um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.**

Aðalfundur í Tryggingamiðstöðinni hf. 12. mars 2015 heimilar stjórn félagsins að kaupa á næstu fimm árum hluti í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutfé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í Kauphöll Íslands, hvort sem reynist hærra.

*Greinargerð stjórnar: Á hluthafafundi 20. ágúst 2013 var samþykkt heimild til handa stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar um að kaupa allt að 10% af hlutafé þess. Tryggingamiðstöðin hefur nú þegar keypt 2,74% af eigin hlutum frá því að heimildin var samþykkt og því getur félagið keypt 7,26% af eigin hlutum til viðbótar í samræmi við niðurstöðu aðalfundar þann 20. ágúst 2013. Þessi tillaga er lögð fram þannig að félagið geti á næstu fimm árum keypt allt að 10% af hlutafé þess.*

### **Tillaga nr. 3 um heimild til að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar.**

Með vísan til heimildar stjórnar Tryggingamiðstöðvarinnar hf. til kaupa á hlutum í félaginu veitir aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 12. mars 2015 stjórn félagsins heimild til að kaupa hluti í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar er að lækka hlutafé félagsins. Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af óháðum utanaðkomandi aðila, verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun, sem tekur þar með allar viðskiptaákvæðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð félaginu. Fjöldi hluta sem keyptur skal samkvæmt endurkaupaáætluninni verður að hámarki 73.957.548 hlutir, en það jafngildir 10,0% af útgefnu hlutafé félagsins, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna verði aldrei meiri en 1.500 milljónir króna. Hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut skal miða við síðustu óháðu viðskipti eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboðið, hvort sem reynist hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi skal gilda fram að aðalfundi félagsins 2016, en þó aldrei lengur en til 31. mars 2016.

*Greinargerð stjórnar: Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hefur sett sér skýr markmið um áhættuvilja með vikmörkum sem auðveldar stýringu á heildaráhættu félagsins. Kaup á eigin bréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar er góð leið til að stýra fjármagnsskipan félagsins. Lagt er til að endurkaupin geti að hámarki numið þeirri heimild sem félagið hefur til að kaupa eigin bréf. Endanleg fjárhæð endurkaupanna mun þó ráðast af möguleikum félagsins við að finna hagkvæmustu fjármagnsskipan.*

#### **IV. Vegna dagskrárliðar 5 – Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.** Tillaga um starfskjarastefnu fyrir árið 2015 sem var samþykkt af stjórn félagsins 18. febrúar 2015:

##### **1. Tilgangur**

Starfskjarastefna Tryggingamiðstöðvarinnar hf. miðar að því að Tryggingamiðstöðin, ásamt dótturfélögum, sé samkeppnishæf og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi vöxt og velgengni félagsins. Í því skyni ber að hlúa vel að kjörum starfsmanna og stjórnenda félagsins þannig að félagið fái notið starfskrafta þeirra sem allra best. Starfskjarastefnan nær til helstu grundvallaratriða í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna félagsins. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnlaunasjónarmiðum. Stefnan skal ekki hvetja til óhóflegrar áhættusækni. Stefnan er liður í að gæta langtímahagsmuna eigenda félagsins, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila með skipulegum, einföldum og gegnsæjum hætti.

## **2. Starfskjör stjórnarmanna**

Þóknun til stjórnarmanna og varamanna fyrir komandi starfsár, vegna stjórnarstarfa og starfa í undirnefndum ef við á, skal ákveðin á aðalfundi ár hvert og skal þóknunin taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og þóknunum til stjórnarmanna sambærilegra félaga. Stjórnarmenn skulu ekki njóta hlutabréfa, kaup- eða söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

## **3. Starfskjör forstjóra**

Starfskjör forstjóra skulu hvað grunnlaun varðar vera samkeppnishæf miðað við forstjóra sambærilegra félaga á íslenskum markaði og taka mið af starfskjörum annarra starfsmanna félagsins til að tryggja samræmda og sanngjarna starfskjarastefnu innan þess. Þá skulu starfskjör taka mið af árangri forstjóra við rekstur félagsins og stöðu þess hverju sinni, en sá þáttur skal einkum koma fram í breytilegum launum skv. kaupaukakerfi félagsins.

Starfskjör skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi, þar á meðal föst laun, árangurstengdar greiðslur (kaupuki), lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur, svo og, eftir atvikum, eftirlaunaréttindi og greiðslur við starfslok. Starfskjaranefnd skal árlega gera tillögu til stjórnar um árangursmælikvarða forstjóra byggða á hlutlægum og huglægum frammistöðupáttum.

## **4. Starfskjör annarra æðstu stjórnenda**

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda félagsins, sem nánar skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningum, skulu einnig taka mið af sjónarmiðum 3. gr. eftir því sem við á.

## **5. Starfskjör starfsmanna**

Starfskjör starfsmanna TM skulu vera samkeppnishæf við sambærileg fyrirtæki og miðast við þann markaðshóp sem hver starfsmannahópur tilheyrir. Við ákvarðanir um stöðuveitingar, launabreytingar og aðra umbun starfsmanna er tekið tillit til frammistöðumats.

## **6. Starfslokagreiðslur**

Við starfslok skal að jafnaði ekki koma til frekari greiðslna en um var samið í ráðningarsamningi, þó skulu greiðslur aldrei miðast við lengri tíma en lög mæla fyrir um í hverju tilviki.

## **7. Kaupaukakerfi**

Samhliða endurskoðun starfskjarastefnu samþykkir stjórn TM kaupaukakerfi sem telst vera undirskjal starfskjarastefnunnar. Kaupaukakerfið byggir á tengingu umbunar við afkomu, arðsemi og árangur félagsins í heild og árangur einstakra sviða þess en felur þó einungis í sér heimild, en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka. Kaupaukakerfið er í samræmi við reglur FME um kaupaukakerfi váttryggingafélaga nr. 299/2012.

## **8. Endurskoðun starfskjarastefnu, upplýsingagjöf og fleira**

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund félagsins til samþykktar með eða án breytinga.

Á aðalfundi ber stjórn að gera grein fyrir kjörum æðstu stjórnenda og stjórnarmanna félagsins auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, í samræmi við 79. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki í gerðarbók félagsstjórnar.

#### V. Vegna dagskrárliðar 6 – Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

Lagt er til að fjöldi varamanna í stjórn félagsins verði tveir í stað fimm og 1. og 2. mgr. 19. gr. samþykktanna hljóði svo (breytingar eru skáletraðar):

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og *tveimur* til vara. Stjórnarmenn og forstjóri (framkvæmdastjóri í skilningi hlutafélagalaga og laga um váttryggingastarfsemi) skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum um hlutafélög og lögum um váttryggingastarfsemi til að mega gegna störfum þessum.

Þegar kosning stjórnar stendur fyrir dyrum skal þess gætt af hálfu stjórnar að í framboði verði fulltrúar af báðum kynjum þannig að tryggt sé að í stjórninni sitji eigi færri en tveir af hvoru kyni. Einnig skal þess gætt að í framboði til aðalstjórnar og varastjórnar verði fulltrúar af báðum kynjum þannig að *hlutföll kynja í stjórn og varastjórn verði í heild sem jöfnust*. Sé það ljóst að liðnum framboðsfresti að ekki er í kjöri nægilegur fjöldi fulltrúa af hvoru kyni eins og áskilið er samkvæmt framangreindu skal innan mánaðar boða til annars hluthafafundar til að kjósa félaginu stjórn.

#### VI. Vegna dagskrárliðar 7 – Ákvörðun um þóknun stjórnar.

Tillaga:

Þóknun hvers stjórnarmanns verði 350.000 krónur á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 350.000 krónur í upphafi starfsárs og að auki 100.000 krónur fyrir hvern fund sem hann situr.

#### VII. Vegna dagskrárliðar 9 – Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).

Tillaga:

Endurskoðunarfélag Tryggingamiðstöðvarinnar hf. til næstu fimm ára verði PricewaterhouseCoopers ehf.

Mál eða ályktunartillögur sem hluthafar vilja leggja fyrir aðalfundinn skulu hafa borist stjórn félagsins á netfangið [stjorn@tm.is](mailto:stjorn@tm.is) eigi síðar en **2. mars** næstkomandi.

Vegna kosningar til stjórnar félagsins sem fram fer á aðalfundinum þá rennur framboðsfrestur til stjórnar út fimm dögum fyrir aðalfund félagsins eða **7. mars** næstkomandi. Skal framboði til stjórnar skilað á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má hjá félaginu og á heimasíðu þess á slóðinni [http://www.tm.is/media/Eydblod\\_TM/tilkynning-um-frambod-til-stjornar.pdf](http://www.tm.is/media/Eydblod_TM/tilkynning-um-frambod-til-stjornar.pdf)

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund skal liggja fyrir mat félagsstjórnar á óhæði frambjóðenda til stjórnar og upplýsingar um frambjóðendur birtar á heimasíðu TM.

Reykjavík, 19. febrúar 2015.

Tryggingamiðstöðin hf.